

L Ö G

um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

25

9. jan.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

A. **Ávísun:** Tékkka og allar tegundir ávísana, innlendar og erlendar, þótt ekki séu í venjulegu ávísanaformi, ef ráðstafað er greiðslu ákveðinnar fjárhæðar frá vissum aðila, þannig að raunverulega er um ávísun að ræða, þar með talin bréf, skeyti eða skjöl, sem innihalda slíka ákvörðun eða beiðni. Sama er, hvort greiðsla miðast við sýningu, ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili, eða hvort greiðsla á fram að fara í peningum, með vixlum, ávísunum eða öðrum gjaldmiðli. Og sama er þótt greiðsla sé skilorðsbundin, eða hvort nokkuð reynist til fyrir ávísun eða eigi.

Hér til teljast þó eigi neinar tegundir bankaseðla, víxlar, arðmiðar eða vaxtamiðar.

B. **Kvittun:** Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á fjárhæð, hvort sem þær eru í venjulegu kvittunarformi eða færðar á reikninga eða önnur skjöl, þar með taldir farseðlar og farmiðar, og sérhver önnur áletrun eða stimplun, sem felur í sér slíka viðurkenningu. Sama er, hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með vixli, ávísun (sbr. A.-lið) eða hverjum öðrum gjaldmiðli. Hér til teljast og allar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti, í hverju sem greiðsla hefir fram farið. Sama er, hvort kvittun er undirrituð eða eigi.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera nýja tegund stimpilmerkja, er kallast greiðslumerki. Það ákveður um gerð merkjanna, hvernig haga skuli sölu á þeim og reikningsskilum, og hversu þau skuli gera ónothæf. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að láta gera ávísanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og má nota eyðublöð úr þeim í stað þess að líma merkin á ávísunina eða kvittunina.

3. gr.

Ávísanir þær og kvittanir, sem um ræðir í 1. gr., skal stimpla með greiðslumerkjum, ef fjárhæð sú, sem ávísun eða kvittun hljóðar á, nemur 20 kr. eða

25 meira. Skulu greiðslumerkin vera þrennskónar, eftir fjárhæð ávísunar eða kvittunar, þannig:

Frá 20 kr. til 50 kr.	5 aurar
— 50 — — 500 —	20 —
— 500 — og þar yfir	50 —

Þó skal fjármálaráðherra heimilt að ákveða, að jafnhátt stimpilgjald skuli greiða af öllum ávísunum, svo og að stimpilgjald af öllum kvittunum skuli vera hið sama. Kveður hann þá jafnframt á um lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávísana eða kvittana og hversu hátt stimpilgjaldið skuli vera. Má það þá eigi hærra vera en 20 aurar af kvittunum og eigi hærra en 25 aurar af ávísunum.

Hljóði ávísun um greiðslu til fleiri en eins aðila, telst hver greiðsla sem sérstök ávísun. Hljóði ávísun á endurtekna greiðslu um óákveðinn tíma, þannig að ekki verður vitað, hve miklu þær nema samanlagðar, skal stimpla þær með hæsta greiðslumerki.

4. gr.

Kvittanir og ávisanir, sem gefnar eru út hér á landi, skal stimpla um leið og þær eru útgefnar eða áður en til afhendingar kemur, og hvílir stimplunarskyldan á útgefanda, enda er öllum heimilt að hafa greiðslumerki undir höndum. Það varðar sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum.

Ávisanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru hér greiddar eða framseldar, og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef til hans næst, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina á kostnað framseljanda eða þess, sem ávísun er innheimt fyrir.

5. gr.

Undanþegið þessu sérstaka stimpilgjaldi er:

- A. 1. Ávisanir útgefnar af innlendum bönkum eða sparisjóðum.
2. Ávisanir gefnar út af stjórnarráði Íslands fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr ríkissjóði og ávisanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Ávisanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði, enda sé framsal viðkomandi skattheimtumanns ritað á ávisanirnar.
- B. 1. Kvittanir fyrir innborgun til banka eða sparisjóða, þegar lagt er inn í eiginn reikning eða greitt upp í föst lán. Ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.

4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr. 25
9. jan.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í rikissjóð.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum, fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á ávísunum og víxlum.
8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun eða kvittun.

6. gr.

Ef í sama skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun, eða bæði ávísun og kvittun, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun fyrir sig.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskyld. Skal þess getið í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frum-eintakið er stimplað.

8. gr.

Stimpilgjald greiðist annaðhvort með því að nota stimplaða ávísun eða kvittun eða líma greiðslumerki á skjalið, eða hvorttveggja.

9. gr.

Eigi má gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um, að lögum þessum sé framfylgt, og ákveðin er í 53. gr. laga um stimpilgjald. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og sparisjóða. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að láta fara fram athugun á bókum og skjölum þeirra, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, til þess að rannsaka, hvort ákvæði þessara laga um stimplun hafi verið brotin.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í rikissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 5 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

25
9. jan.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði stimpillaga, þar sem þau eiga við.

14. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga og stimpilskyldu. Ennfremur að ákveða opinberum starfsmönnum og öðrum, sem greiðslumerki hafa til sölu, allt að 2% af andvirði seldra merkja í sölulaun.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hvenær lög þessi öðlast gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalúborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

26
9. jan.

L Ö G

um samþykkt á landsreikningnum 1932.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. Innborganir:		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	9 785 000.00	8 957 738.40
2. — — 3. — A —	1 126 748.00	1 303 575.46
3. — — „ — B —	36 600.00	32 047.32
4. — — 4. — —	268 000.00	425 083.38
5. — — 5. — —	50 000.00	97 155.06
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl.	497 905.00	3 885 651.45
7. Lækkun á sjóði	59 588.13	64 734.52
	Samtals	11 823 841.13	14 765 985.59